

Reykjavík 4. apríl 2022

Til Aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks.

Sent á Tómas Inga Adolfsson, starfsmann aðgengis- og samráðsnefndar.

Í Öryggisnefnd Ráðhússins sitja öryggisverðir skipaðir af stjórnendum og öryggistrúnaðarmenn kosnir af starfsfólki í Ráðhúsinu. Nefndin starfar skv. Erindisbréfi samþykktu af sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviði f.h. stjórnenda allra skrifstofa að Tjarnargötu 11. Undirritaður er starfsmaður nefndarinnar.

Á fundi Öryggisnefndar Ráðhússins þriðjudaginn 29.mars sl. var til umræðu áætlun um endurskoðun rýmingaráætlunar fyrir Ráðhúsið en í þeirri umræðu vöknudú spurningar um aðgengi hreyfihamlaðra úr Tjarnarsal ef til rýmingar myndi koma s.s. ef fjölmennur viðburður ætti þar sér stað.

Aðstæður eru í stuttu máli þannig að úr salnum liggja fimm útgangar (fjórir stigar og einn útgangur beint út úr húsi tjarnarmegin). Allar þessar leiðir eru hreyfihömluðum illfærar í rýmingu. Að auki er ein lyfta sem flutt getur fólk af gólfi Tjarnarsals og upp á götuhæð. Lyftur skal almennt ekki nota í eldsvoða og er nánast aldrei gert ráð fyrir að lyftur séu notaðar í rýmingu húsnæðis af neinu tagi.

Að þessu sögðu óskar öryggisnefnd Ráðhússins eftir umsögn um aðgengi hreyfihamlaðra úr Tjarnarsal í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Með von um góð viðbrögð, fyrir hönd öryggisnefndar Ráðhússins;